



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 420

Matthildur Guðmundsdóttir

(27. júlí 1935)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 420

Matthildur Guðmundsdóttir, kennari

(27. júlí 1935)

Matthildur Guðmundsdóttir útskrifaðist úr Kennaraskóla Íslands árið 1955. Hún kenndi í 19 ár við Skóla Ísaks Jónssonar frá 1955 til 1974 og við Laugarnesskóla frá 1974 til 1986. Matthildur gerðist síðan kennsluráðgjafi hjá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur sem síðar varð Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Hún hætti þar störfum árið 2001. Matthildur er gift Jóni Frey Þórarinssyni, fv. skólastjóra (*Sjá einkaskjalasafn 419*) og eru börn þeirra Þórólfur og Vilborg (*Sjá einkaskjalasafn 421*).

Í skjalasafn hennar eru námspil sem Matthildur notaði við kennslu í Laugarnesskóla frá 1974 til 1986. Fjögur spil eru gefin út af Námsgagnastofnun, en Matthildur var í vinnuhópi sem samdi þessi spil. Spil um Grænland unnu 9 ára nemendur Matthildar sem hluta af námi í samfélagsfræði sem bar nafnið „Líf í köldu landi“. Því miður hafa fylgigögn með spilinu glatast, en spilið byggir á leiðangri um strendur Grænlands þar sem teningi er kastað og á hverjum viðkomustað var dregið spil sem gaf upplýsingar um eitthvað sem gæti gerst í lífi Inuita ýmist áður fyrr eða í nútímanum. Nemendurnir öfluðu þeirra upplýsinga sem skráðar voru á lítil spjöld.

Tvö Íslandsspil bjó Matthildur til sem líka var leiðangur um Ísland með fylgigögnum þar sem möguleikar voru að aka, sigla eða fljúga á milli staða. Stærra spilin fylgja reglur og spjöld í kassa. Ýmis fleiri spil bjó Matthildur til, sum fylgja með en eru e.t.v. án fylgihluta, en flest spilin sem hún gerði vour til að gera lestrarkennsluna fjölbreyttari og skilvirkari og þau skildi hún eftir í Laugarnesskóla þegar hún gerðist kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur 1986.

Skjalaskrá

Askja 1

Kennslugögn, leikjaspil, vegg- eða borðspjöld.

Ferðist um Ísland, Leikjaspil, Íslandskort, *fylgigögn í sérkassa*. Frumgögn: Matthildur

Danmerkurleikur: Leiðangur með fylgihlutum á dönskumáli til að auka skilning á málinu. Frumgögn: Matthildur (fylgigögn vantar).

Spielmit, bleib'fit, Leikjaspila á þýsku, heimskort.

Í ýmsar áttir, bókstafakort, Námsgagnastofnun.

Í ýmsar áttir, talnakort, Námsgagnastofnun.

Fingrastarfrófið, gefið út af Margrétarsjóði Zontaklúbbs Reykjavíkur í minningu Margrétar Rasmus.

Stafahúsið, Rannveig Löve.

Árstíðirnar, Námsgagnastofnun.

Árstíðirnar, Dagarnir teiknaðir inn með tússi, Námsgagnastofnun.

Búkolluspil, Námsgagnastofnun.

Undir sama þaki, Námsgagnastofnun.

Pilespil, leikjaspil fyrir dönskukennslu. Frumgögn: Matthildur, fylgigögn vantar.

Grænland: Kalaallit Nunaat: Leikjaspil, aftan á stendur Matthildur Guðmundsdóttir, Laugarnesskóla, Spil búið til af 9 ára börnum. Hringferð um Grænland. Fylgigögn búið til af börnum þar sem eitthvað gerðist á hverjum viðkomustað, eitthvað frá lífi Grænlandinga. (Trúlega um 1980.) Fylgigögnin vantar.

Íslandskort, teiknað, aftan á stendur, Matthildur Guðmundsdóttir, Laugarnesskóla. Hringferð um Ísland, fylgigögn voru búið til með myndum af viðkomustöðum og upplýsingum um staðina.

Hundaspil, merkt Matthildur Guðmundsdóttir, Laugarnesskóla.

Stærðfræðiþraut, þríhyrningur, ferningur, hringur.

Leikreglur með spilin *Í ýmsar áttir*.

Fylgigögn með námsspilinu *Undir sama þaki*. Námsgagnastofnun.

Fylgigögn með spilin *Árstíðirnar*. Námsgagnastofnun.

Hugmyndasafn um notkun námsspilanna. Námsgagnastofnun.

Askja 2

Ferðist um Ísland – Leikreglur, skýringarspjöld og farmiðar. Frumgögn. Matthildur Guðmundsdóttir, Laugarnesskóla.

Skráð í apríl 2010. Jóhanna Hafliðadóttir